

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. október 2015
2015090006

Efni: Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. september 2015.

Frumvarpið var lagt fram á 144. löggjafarþingi og var afgreitt úr umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en er nú endurflutt með þeim breytingum sem lagðar voru til af meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar þingsins. Bændasamtök Íslands veittu umsögn um þingmálið á 144. löggjafarþingi, sbr. dbnr. 1271.

Með frumvarpinu er lagt til að mótuð verði og samræmd stefna um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum. Það verði gert með stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlun.

Í 2. gr. frumvarpsins er hugtakið ferðamannleið skilgreint sem skilgreind leið sem tengir saman ferðamannastaði - getur verið gönguleið, reiðleið eða reiðhjólaleið. Þá er hugtakið ferðamannastaður skilgreint sem skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans og sögu. Og að lokum er hugtakið ferðamannsvæði skilgreint sem landsvæði sem ferðamenn sækja vegna náttúru þess og tekur til fleiri en eins ferðamannastaðar. Lögin ná til þessara staða hvort sem þeir eru innan eignarlanda eða þjóðlendna.

Í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið kveði á um að landeigendur eignarlanda þurfi að samþykkja hvort land þeirra verði hluti af landsáætluninni. Þetta kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu sjálfu. Í 8. gr. frumvarpsins segir þvert á móti að ferðamannleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannsvæði í eigu hins opinbera falli sjálfkrafa undir landsáætlun og verkefnaáætlun. Í 2. másl. 8. gr. segir á hinn bóginn að sveitarfélög og landshlutasamtök, skuli, að fengnu samþykki landeigenda, gera tillögur til verkefnisstjórnar um ferðamannleiðir o.fl. sem þau kjósa að falli undir áætlanirnar. Ferðamannleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannsvæði í einkaeigu geta því ekki fallið sjálfkrafa undir landsáætlun og verkefnaáætlun. Ákvæðið eins og það liggur fyrir felur því í sér mótsögn og úr þessu þarf að bæta. Þá skal það nefnt sérstaklega að ekki er ljóst hvernig farið skuli með leiðir sem liggja að hluta um land í einkaeigu.

Stefnumarkandi áætlanir um land í einkaeigu verða ekki gerðar án þess að eigendur þess samþykki þátttöku í þeim. Bændasamtök Íslands leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur og félög bænda í þegar leiðir um jarðir þeirra eru skipulagðar og að samþykki þeirra verði áskilið. Það er og ófrávikjanlegt skilyrði að áætlanir um land þar sem búskapur er stundaður eða þar sem búskapur er stundaður í grennd hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á nærliggjandi svæðum. Það er jafnframt ófrávikjanlegt skilyrði að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda. Allar áætlanir af þessu tagi sem taka til lands í einkaeigu eða hafa bein eða óbein áhrif á það verður að ræða í samráði við landeigendur og

gæta þess að þær samrýmist nýtingu þeirra og hagsmunum. Þá verða landeigendur og bændur að hafa möguleika til þess að takmarka umferð um land sitt og þeir hljóta að áskilja sér rétt til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.